

AÐVENTA Í MALAVÍ

Grænkandi akrar eftir fyrstu regnskúrir og fólkið fer á stjá til að sá og gera klárt fyrir uppskeru ársins.



Vikurnar fyrir jól þarf að láta hendur standa fram úr ermum.

Eftir þurrka í átta mánuði fer loks að rigna og á undraskömum tíma grænkar landið. Nú eiga allir erindi á akrana til að undirbúa uppskeru ársins. Á norðurvelli jarðar nálgast stysti dagur ársins, en hér er sumar og „jólasnjór“ algjörlega óþekkt hugtak. En ef allt gengur vel verða „græn jól“ um land allt.





Börnin hoppa og skoppa í brekkum þar sem græn slikjan breiðist úr næstum jafn hratt og þau hlaupa.

Á markaðnum kemur sér vel að eiga regnhlíf sem á næsta andartaki er orðin sólhlíf. Því skjótt skipast veður í lofti þessa dagana.



Misskipting gæða heimsins sést vel á „jólaljósavísitölu“ heimsins. Rafmagnið er á norðurhveli. Aðventan og næstu mánuðir á eftir eru ekki „fitandi“ hér, nú er forði síðustu uppskeru ört þverrandi og hefðbundnir „hungurmánuðir“ fara í hönd meðan maís vex á ný.

